

**13. gr.****69**

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. 7. maí

**14. gr.**

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62. 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*

**L Ö G****70**

um

7. maí

**að undanþiggja Íslandsbanka inndráttarskyldu seðla árið 1928.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Íslandsbanka skal ekki skylt að draga neitt af seðlum sínum úr umferð á árinu 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Magnús J. Kristjánsson.*